

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2017

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð.
Þingskjal 260 — 189. mál.**

Í frumvarpi þessu til breytinga á lögum um kjararáð er lagt til að talsmönnum launafólks og atvinnurekenda á vinnumarkaði skuli gefinn kostur á að leggja fram skriflegar eða munnlegar greinargerðir vegna þeirra mála sem til úrlausnar eru hjá kjararáði. Þá segir einnig að þeim aðilum geti verið heimilað að reifa mál sín fyrir ráðinu. BHM tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu að ef kjararáð hefði óskað eftir upplýsingum frá aðilum vinnumarkaðarins og tekið þau sjónarmið til greina fyrir úrskurði sína hefði það hugsanlega skapað frekari sátt um þá. Formlegt samráð kjararáðs við aðila vinnumarkaðarins væri aukin heldur gott veganesti inn í þær breytingar sem nú er rætt um að gera þurfi á vinnumarkaði hérlandis.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að kjararáði verði falið að kveða upp nýjan úrskurð er feli í sér launalækkun alþingismanna og ráðherra sem samsvari því að laun þeirra fylgi almennri launaþróun frá 11. júní 2013. Í umsögn BHM vegna frumvarps um breytingar á kjararáði sem bandalagið sendi efnahags- og viðskiptanefnd þann 21. desember 2016 ítrekar BHM afstöðu sína að eðlilegt sé að kjararáð taka tillit til launaþróunar á opinberum vinnumarkaði í úrskurðum sínum. Raunar gerði frumvarp um sama mál í september 2016 ráð fyrir slíkum samanburði og það fyrirkomulag studdi BHM. Afstaða BHM er eftir sem áður sú að eðlilegt sé að kjararáð byggi úrskurði sína á launaþróun opinberra starfsmanna en ekki almennri launaþróun á vinnumarkaði.

Virðingarfyllt,



Þórunn Sveinbjarnardóttir
Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM